



Borgarráð

Reykjavík, 20. janúar 2026

FAS25010024

Viðauki við fjárhagsáætlun 2025

1. Stofnframlag til Félagsbústaða

Lagt er til að borgarráð samþykki að greitt verði viðbótar stofnframlag til Félagsbústaða hf. að fjárhæð 300.000 þ.kr. sem færist á árið 2025. Framlagið verði fjármagnað með lækkun á fjárfestingaáætlun.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)	
ES	xxx	ES - Fjárfesting	Frá	-300.000
AS	xxx	AS - Stofnframlög	Til	300.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Breytingin er samkvæmt tillögu borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Félagsbústaðir hafa í dag takmarkað svigrúm til að fjárfesta í íbúðum. Fyrir utan kaupréttareignir þá skila eignir sem keyptar eru á almennum markaði neikvæðu sjóðstreymi frá fyrsta degi. Til að komast út úr þeirri stöðu – og jafnframt halda áfram að uppfylla markmið Reykjavíkurborgar um fjölgun félagslegra leiguíbúða án þess að hækka leiguverð – er nauðsynlegt að borgin komi að því að treysta fjárhagslega sjálfbærni félagsins með beinu eiginfjárframlagi.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri



Reykjavík